



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samgöngustyrk fyrir starfsfólk sem vinnur við stoð- og stuðningsþjónustu*

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um samgöngustyrk fyrir starfsfólks sem vinnur við stoð- og stuðningsþjónustu:

Fellur starfsfólk sem vinnur við stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (áður nefnd m.a. liðveisla) undir reglur Reykjavíkurborgar um samgöngusamning? Þ.e.a.s. getur það sótt um samgöngustyrk ef það ferðast um með almenningsamgöngum á milli staða vegna starfsins?

Svar:

Starfsfólki Reykjavíkurborgar býðst að gera samning um að nýta almennt vistvænar samgöngur á leið í og úr vinnu og fá þannig samgöngustyrk. Það býðst að sjálfsögðu starfsfólki sem vinnur við stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem er í föstu starfshlutfalli.

Með vistvænum samgöngum er átt við að ganga, hjóla, hjóla á rafhjól, nýta vélknúid hlaupahjól eða ferðast með Strætó. Það sem telst ekki vistvænn samgöngumáti er að ferðast með einkabíl eða öðrum vélknúnum einkafarartækjum (hvort sem þau eru knúin með olíu eða rafmagni).

Starfsmaður Reykjavíkurborgar sem er tilbúinn að skuldbinda sig til að ferðast almennt ekki með einkabíl til og frá vinnu og notast heldur við vistvænan samgöngumáta getur fengið allt að 6.000 króna skattfrjálsan samgöngustyrk á mánuði. Starfsmaður í 50-100% starfshlutfalli fær fullan samgöngustyrk, þ.e. kr. 6.000 á mánuði, en starfsmaður í lægra en 50% starfshlutfalli fær helming þeirrar upphæðar, eða kr. 3.000 á mánuði.

Kostnaður sem fellur til vegna ferða starfsfólks á vinnutíma með almenningsamgöngum fellur á Reykjavíkurborg og starfsfólk sem nýtir eigin bifreið í starfi fyrir Reykjavíkurborg fær greitt aksturgjald fyrir hvern ekinn kílómetra.